

**Sp. 156. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]**

um jarðboranir að Lýsuhóli á Snæfellsnesi.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Sigurður Ágústsson, Ásgeir Bjarnason,  
Jón Árnason, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að fram fari á vegum jarðhitasjóðs borun eftir heitu vatni að Lýsuhóli í Staðarsveit á Snæfellsnesi.

**Greinargerð.**

Að Lýsuhóli í Staðarsveit á Snæfellsnesi er nokkur jarðhiti. Ekki er þó kunnugt um, hversu mikill hann er. Gerð hefur verið tilraun til jarðborana að Lýsuhóli, en þó með frumstæðum tækjum, svo að árangur reyndist lítill. Mikill áhugi er á því vestra, að úr því fáiist skorið, hversu mikill jarðhiti er þar í jörðu. Þarf engan að undra þó að svo sé, þar sem lítið er um jarðhita á Snæfellsnesi, en hins vegar mikill áhugi á notkun hans þar sem annars staðar.

Nú er að hefjast bygging barnaskóla fyrir nokkra hreppa á Snæfellsnesi við Kolviðarneslaug í Eyjahreppi með tilliti til jarðhitunar þar, og ber að fagna þeirri framkvæmd. Hins vegar dregur það ekki úr nauðsyn þessa verks, því að verkefnið eru mörg. Gróðurhúsarækt er ekki síður nauðsyn þar vestra en annars staðar á landinu, ef framkvæmanleg væri, auk þess sem jarðhiti þessi yrði síðar notaður í þágu ýmissa annarra mála, ef hagstætt verður talið.

Ríkissjóður á jörðina Lýsuhól, og því er eðlilegt, að framkvæmd þessi fari fram á vegum jarðhitasjóðs og henni verði hraðað svo sem auðið er.